



# Um helgina?

Dansstaðir — Matsölustaðir — Leikhús — Sýningar — Kvikmyndahús — Myndbönd o.fl.

## Ef þú vilt dansa

**Ártún,**  
Vagnhöfða 11, Reykjavík, sími 685090  
Gömlu dansarnir á föstudags- og laugardagskvöld. Hljómsveitin Drekar leikur fyrir dansi.

**Broadway,**  
Álfabakka 8, Reykjavík, sími 77500  
Diskótek föstudags- og laugardagskvöld.

**Evrópa**  
v/Borgartún  
Dansmærin og söngkonan Sinitta skemmtir í Evrópu föstudags- og laugardagskvöld.

**Glæsibær**  
við/ Álfheima, Reykjavík, sími 685660  
Hljómsveitin Kýprus leikur fyrir dansi í kvöld og annað kvöld. Ólver opið alla daga vikunnar.

**Hollywood,**  
Ármúla 5, Reykjavík, sími 81585  
Diskótek föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.

**Hótel Borg,**  
Pósthússtræti 10, Reykjavík, sími 11440  
Diskótek föstudags- og laugardagskvöld. Hljómsveit Jóns Sigurðssonar leikur fyrir gömlu dönsunum á sunnudagskvöld.

**Hótel Esja, Skálafell,**  
Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, sími 82200  
Dansleikir á föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Tískusýning öll fimmtudagskvöld.

**Hótel Saga**  
v/Hagatorg, Reykjavík, sími 20221  
Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur fyrir dansi um helgina. Dúett Andra Bachmann og Guðmundar P. Guðmundssonar leikur á Mímisbar

**Kremi**  
við/Austurvöll, Reykjavík, sími 11630  
Opið föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.

**Leikhúskjallarinn**  
v/Hverfisgötu, Reykjavík, sími 19636  
Dansleikir á föstudags- og laugardagskvöld.

**Sigtún**  
v/Suðurlandsbraut, Reykjavík, sími 685733  
Diskótek föstudags- og laugardagskvöld.

**Rozzy,**  
við Skúlagötu  
Diskótek um helgina.

**Upp og niður**  
Laugavegi 116, Reykjavík, sími 10312  
Kimberly Joan og Jilly Laiwe skemmta föstudags- og laugardagskvöld.

**Pórskafti,**  
Brautarholti 2, Reykjavík, sími 23333  
Dans- og dægurlagasveitin Santos og Sonja leika fyrir dansi föstudags- og laugardagskvöld.

**AKUREYRI**  
H-100  
Diskótek á öllum hæðum hússins föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.

## Sinitta skemmtir í Evrópu

Á föstudags- og laugardagskvöld skemmtir bandaríska poppsöngkonan Sinitta í Evrópu. Sinitta sló ærlega í gegn með laginu So maco sem varð eitt alvinsælasta lagið



Hin stórglæsilega Sinitta eyðir helgina á Íslandi og skemmtir landsmönnum í Evrópu.

hérlandis og víða annars staðar á nýliðnu sumri. Lagið So maco komst í annað sæti breska Gallup listans og seldist í meira en 500.000 eintökum þar í landi. Það var á Gallup listanum samfelld frá febrúar og fram í otóber.

Sinitta Renay Malone er fædd í Washington 19. október 1966. Hún er dóttir söngkonunnar Mikeal Brown sem heimsótti Ísland fyrir tæpum þremur árum.

Sinitta dansaði um árabíl með dansflokknum Hot Gossip við góðan orðstír. Í söngleiknum Uppreisnin á Bounty, sem nú er sýndur í London, syngur Sinitta á móti David Essex. Ráðgert er að setja söngleikinn einnig upp á Broadway innan tíðar og mun hún einnig vera þar í aðalhlutverki.

Fyrir nokkrum dögum sendi Sinitta svo frá sér nýtt lag, Feels like the first time, sem spáð er miklum vinsældum. Lagahöfundur Sinittu, George Hargrawes, var á Íslandi í haust og samdi lög á L.P. plötu hennar sem kemur væntanlega út eftir áramót.

## Sjöfn Hafliðadóttir á Kjarvalsstöðum

Á morgun kl.14.00 opnar Sjöfn Hafliðadóttir sýningu í austurforsal Kjarvalsstaða. Þar mun hún sýna olíumálverk til 30. nóvember nk. Þetta er í fyrsta skipti sem hún sýnir á Íslandi en hún hefur búið í nær 37 ár erlendis.

Sjöfn er margt til lista lagt. Á árunum 1948-49 stundaði hún nám í Myndlista- og handíðaskólanum. Eftir það fór hún til balletnáms á Englandi við Sadlers Wells í London. Síðan lá leið hennar til Frakklands en þar stundaði hún nám í tískuhönnun. Að því námi loknu fór hún til New York í Art Student League og lærði móteltkningu.

Sjöfn er þekkt fyrir litríkar, lifandi myndir sem eru uppfullar af ævintýrum. Hún notast mikið við

dansinn, sem er henni svo hjartleikinn, í myndum sínum.

Sýning Sjafnar verður opin alla daga frá 14.00 til 22.00.



Sjöfn Hafliðadóttir er margt til lista lagt. Endurspeglast það í verkum hennar.

## Spánarkvöld

Veitingahúsið Evrópa heldur áfram með þjóðakvöldin á sunnudagskvöldum og nk. sunnudag verður Spánarkynning, skemmtikvöld og dans.

Ari Garðar gestameistari verður með kynningu á spönskum mat,

Modelsamtökin sýna tiskuna, Ásgeir, Ingó og Þóra verða með frumsaminn dans, spilað verður bingó og margt fleira. Stjórnandi verður Hermann Ragnar Stefánsson. Forsala og borð frátekin í Evrópu sunnudaginn 16. nóv. kl. 3-5.



Marie kemur fram ásamt eiginmanni sínum, Lasse Englund, á tíu ára afmæli Vísnavina.

## Marie Bergman og Lasse Englund

Sænska vísna- og roksöngkonan Marie Bergman heldur tónleika í Félagsstofnun stúdenta ásamt bónda sínum, gítarleikaranum Lasse Englund, á morgun, laugardaginn 15. nóv., klukkan 16.00.

Vísnavinir eru stoltir af því að geta nú loksins boðið upp á tónleika með þessum virtu og dáðu listamönnum en það hefur áður verið reynt að fá þá hingað til lands þótt ekki hafi það tekist fyrr en nú. Þetta verður ef að líkum lætur hápunktur 10 ára afmælis félagsins Vísnavina.

Á undanförunum árum hefur Marie Bergman heldur fram með hljómsveit sinni Magic body hand en nú hefur sú hljómsveit verið lögð á hilluna og nýtt tímabil er hafið þar sem Marie kemur fram ásamt manni sínum, Lasse Englund. Nýjustu fregnir herma að Marie og Lasse séu aldeilis stórgóð á tónleikum.

Lasse hefur um langt skeið þótt mjög góður gítarleikari og hefur hann gefið út einar fjórar breiðskífur. Aftur á móti hefur Marie sent frá sér sjö breiðskífur.

## Síðasta endursýningin

Vegna fjölda áskorana verður á laugardagskvöld síðasta sýning á endursýningu Ríó tríós í Broadway. Eins og landinn veit sló Ríó tríó rétt einu sinni enn í gegn á árinu með Reykjavíkurlagi sínu um hana Ungfrú Reykjavík. Húsið verður opið kl. 8.00 og byrjar tríóið að skemmta kl. 10.00.



Ríó tríó sló eftirminnilega í gegn á árinu með lagi sínu, Ungfrú Reykjavík.